

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2017

2018/EES/78/15

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/439 frá 23. mars 2016 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), kalsíumkarbíð, kalíumjodíð, natríumvetniskarbónat, reskalúr og *Beauveria bassiana* af stofni ATCC 74040 og *Beauveria bassiana* af stofni GHA ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/440 frá 23. mars 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir atrasín í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/452 frá 29. mars 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kaptan, própíkónasól og spíroxamín í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/486 frá 29. mars 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýasófamíð, sýkloxýdím, díflúoredikýru, fenoxýcarb, flúmetralín, flúópíklólíð, flúpýradífúrón, flúxapýroxað, kresoxímmeýl, mandestróbín, mepanípýrím, metalaxýl-M, pendímetalín og teflútrín í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32016 R 0439**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/439 frá 23. mars 2016 (Stjtúð. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 31),
- **32016 R 0440**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/440 frá 23. mars 2016 (Stjtúð. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 34),

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtúð. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtúð. ESB L 79, 30.3.2016, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtúð. ESB L 90, 6.4.2016, bls. 1.

- **32016 R 0452:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/452 frá 29. mars 2016 (Stjtið. ESB L 79, 30.3.2016, bls. 10),
- **32016 R 0486:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/486 frá 29. mars 2016 (Stjtið. ESB L 90, 6.4.2016, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32016 R 0439:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/439 frá 23. mars 2016 (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 31),
- **32016 R 0440:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/440 frá 23. mars 2016 (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 34),
- **32016 R 0452:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/452 frá 29. mars 2016 (Stjtið. ESB L 79, 30.3.2016, bls. 10),
- **32016 R 0486:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/486 frá 29. mars 2016 (Stjtið. ESB L 90, 6.4.2016, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2016/439, (ESB) 2016/440, (ESB) 2016/452 og (ESB) 2016/486, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.